FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Námsstuðningur
Námsgrein:	Námsstuðningur
Viðfangsefni:	stuðningur við nemendur
Skammstöfun:	STUÐ1ST01
Þrep:	1
Einingafjöldi:	1
Lýsing:	Áfanginn er ætlaður nemendum m.a. á framhaldsskólabraut sem þurfa aukinn stuðning í námi. Nemendur fá leiðsögn og aðstoð við verkefnavinnu og stuðning við að skipuleggja og bera ábyrgð á námi sínu. Lögð er áhersla á að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og framvindu og efla þar með þátttöku þeirra í skólastarfi.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi þess að bera ábyrgð á eigin námi • mikilvægi þess að stunda námið að alúð og fara eftir kennsluáætlunum • mikilvægi þess að tileinka sér góða námstækni og hjálpartæki ef þess er þörf s.s. talgervil • mikilvægi þess að skila heimaverkefnum á réttum tíma • mikilvægi þess að skipuleggja nám sitt og heimavinnu • mikilvægi þess að halda vel utan um námsgögn sín • að gott skipulag og vinnulag veldur betri líðan í námi
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • bera ábyrgð á eigin námi • fylgjast með framvindu eigin náms • fara eftir kennsluáætlunum • vinna heimaverkefni og skila þeim • skipuleggja og halda utan um nám sitt • nota góða námstækni og hjálpartæki
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • hafa yfirsýn yfir heimanám og verkefni • skila heimavinnu og verkefnum á réttum tíma • nota hjálpartæki við nám • skipuleggja nám sitt og viðhalda góðu skipulagi í öllum áföngum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.